

# HVATNINGAR VERÐLAUN VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS

Tilnefningar óskast!

**Hvatningarverðlaun** Vísinda- og tækniráðs eru árlega veitt vísindamanni sem snemma á ferlinum þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag í vísindastarfi sem styrki stöðir mannlífs á Íslandi.

**Óskað er eftir tilnefningum til Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs 2016. Verðlaunin eru þrjár milljónir króna.**

Tilnefningar geta komið frá öllum sviðum vísinda, tækni og fræða. Tilnefna má vísindafólk sem starfar á Íslandi við háskóla, rannsóknastofnanir, fyrirtæki eða er sjálfstætt starfandi. Öllum, sem eru í aðstöðu til að meta störf einstakra vísindamanna, er heimilt að senda tilnefningar. Ferilskrá vísindamannsins skal fylgja tilnefningu. Hvatningarverðlaunin verða afhent á Rannsóknþinginu í Rannís í vor.

**Frestur til að skila inn tilnefningum er til og með 1. apríl 2016.**

Tilnefningum ásamt ítarlegum upplýsingum um feril tilnefndra skal skilað með tölvupósti til Rannís á netfangið [rannis@rannis.is](mailto:rannis@rannis.is)

**Nánar á [www.rannis.is](http://www.rannis.is)**



VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ



rannís

